

Samkomulag

um nýjan kjarasamning

Launanefndar sveitarfélaga og Starfsmannafélags Kópavogs

1.gr.

Launanefnd sveitarfélaga og Starfsmannafélag Kópavogs gera með sér samkomulag um að kjarasamningur Launanefndar sveitarfélaga og Samflots bæjarstarfsmannafélaga frá 29. maí 2005 sem gildir til 30. nóvember 2008 gildi fyrir Starfsmannafélag Kópavogs og taki við af kjarasamningi aðila sem rann út 31. mars 2005 með þeim breytingum og frávikum sem fram koma í 2. gr., 6. gr. og 7. gr. þessa samkomulags.

2.gr.

Gildistími kjarasamningsins, sbr. gr. 14.1.1, er frá 1. júní 2005 til 30. nóv. 2008.

Gildistími allt að 2% mótframlags vinnuveitanda til jafns við allt að 2% séreignarlífeyrissparnaðar launþega, sbr. gr. 13.6.1, er frá 1. september 2005.

Hver starfsmaður í fullu starfi við undirritun þessa samkomulags fær kr. 90.000.- eingreiðslu við fyrstu útborgun launa skv. samkomulagi þessu og þá fjárhæð fá starfsmenn í hlutastarfi hlutfallslega m.v. starfshlutfall.

Hver fastráðinn starfsmaður í fullu starfi og er 43 ára eða eldri á árinu 2006 og náð hefur 3 ára starfsreynslu hjá Kópavogsbæ fær kr. 20.000- eingreiðslu og þá fjárhæð fær viðkomandi starfsmaður í hlutastarfi hlutfallslega m.v. starfshlutfall. Greiðsla þessi skal innt af hendi við fyrstu launagreiðslu ársins 2006 til þeirra sem þá uppfylla bæði framangreind skilyrði en til hinna við fyrstu útborgun eftir að bæði skilyrði hafa verið uppfyllt.

Hver fastráðinn starfsmaður í fullu starfi og er 44 ára eða eldri á árinu 2007 og náð hefur 4 ára starfsreynslu hjá Kópavogsbæ fær kr. 20.000- eingreiðslu og þá fjárhæð fær viðkomandi starfsmaður í hlutastarfi hlutfallslega m.v. starfshlutfall. Greiðsla þessi skal innt af hendi við fyrstu launagreiðslu ársins 2006 til þeirra sem þá uppfylla bæði framangreind skilyrði en til hinna við fyrstu útborgun eftir að bæði skilyrði hafa verið uppfyllt.

Orlofsuppbót að upphæð kr. 21.800.- vegna ársins 2005, sbr. gr. 1.8.1 í kjarasamningi aðila skv. 1. gr. þessa samkomulags, greiðist starfsmönnum við fyrstu útborgun launa skv. samkomulagi þessu.

Breytt tenging starfsmats við laun, samkvæmt grein 1.3.1 í kjarasamningnum tekur gildi 1. janúar 2006.

Ákvæði um persónuálag eftir 15 ára starf, sbr. grein 1.2.2. í kjarasamningnum tekur gildi 1. júní 2006.

3.gr.

Hluti samkomulags þessa og viðauki við kjarasamninginn frá 29. maí 2005 er undirritað samkomulag, dags. 20. sept. 2005, um meðhöndlun eldri sérákvæða Starfsmannafélags Kópavogs.

4.gr.

Forsenda þessa samkomulags er yfirlýsing Kópavogsbær um launasetningu háskólamenntaðs starfsfólks í Starfsmannafélagi Kópavogs frá 1. júlí 2005, sbr. lið 1. .

5.gr.

Aðilar munu ljúka mati á öllum störfum sem ekki hafa þegar verið metin samkvæmt nýju starfsmatskerfi fyrir 15. febrúar árið 2006, sbr. lið 2 í yfirlýsingu frá 1. júlí 2005. Takist það ekki skulu aðilar meta sameiginleg viðbrögð og verði ekki sátt um þau er kjarasamningur aðila uppsegjanlegur með gildistöku frá 15. maí 2006 enda verði það tilkynnt fyrir 15. mars 2006.

6. gr.

Grein 11.2.2 í kjarasamningi aðila, skv. 1. gr. þessa samkomulags, breytist þannig að viðmiðun tilkynningar um þann samstarfsvettvang sem valinn verður miðast við 15. janúar í stað 15. september.

7. gr.

Grein 14.1.4 í kjarasamningi aðila, skv. 1.gr. þessa samkomulags, breytist gagnvart Starfsmannafélagi Kópavogs á þann hátt að bera skal samkomulag þetta og kjarasamninginn upp til afgreiðslu fyrir 27. október 2005 og tilkynna niðurstöðu afgreiðslunnar fyrir kl. 15:00 þann 28. október 2005.

Reykjavík, 19. október 2005

F.h. Launanevndar sveitarfélaga F.h. Starfsmannafélags Kópavogs

skv. heimild nefndarinnar frá með fyrirvara um samþykki 21. september 2005 viðkomandi félagsmanna

